



## 506. Stjórnarfundur haldinn 17. maí 2018 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar aðalstjórnar Keflavíkur í umhverfissjóð UMFÍ. *Umsókninni var hafnað þar sem hún samræmist ekki reglum sjóðsins.*

### 3. Send bréf

Bréf sent á útibú Landsbanka Íslands í Keflavík vegna heimildar knattspyrnu- og körfuknattleiksdeilda til yfirdráttar.

Tölvupóstur sendur á deildir félagsins vegna þátttöku í Hreyfiviku UMFÍ.

### 4. Námskeið

Seinna skyndihjálparnámskeiðið var haldið 9. maí. Sex aðilar sóttu námskeiðið. Aðalstjórn hefði vilja sjá betri mætingu á námskeiðin. Umræður um hvað sé hægt að gera til að allir þjálfarar mæti.

### 5. Hreyfivika UMFÍ 2018

Hreyfivika UMFÍ verður dagana 28.maí – 3.júní nk. Búið að senda á deildir og óska eftir að þær taki þátt í þessum viðburði.

### 6. Ársþing ÍRB 2018

Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar verður haldið 28.maí í Íþróttakademíunni. Lagðar verða fram lagabreytingar við lög bandalagsins. Keflavík á tíu fulltrúa. Kjörbréfið lá fyrir. EH lagði áherslu á að allir stjórnarmenn aðalstjórnar Keflavíkur mæti.

### 7. Hringbraut 108

Búið er að samþykkja í umhverfis- og skipulagsráði breytingu á lóð Hringbrautar 108 og er komin sér lóð undir K-húsið. Bæjarstjórn er búin að samþykkja fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs. Fundagerðir lágu fyrir fundinum. Nú á eftir að þinglýsa eigninni aftur yfir á Keflavík íþrótt- og ungmennafélag af hálfu Reykjanesbæjar.

### 8. Önnur mál

Lokahóf yngriflokka í körfu er í dag kl. 18:00 í A-sal íþróttahússins við Sunnubraut.

Íþrótt- og tómstundaráð fundaði með stjórn fimleikadeildar og EH 11. maí í Íþróttakademíunni.

Fimleikadeildin lýsti yfir áhyggjum af ástandi á fimleikaáhöldum. Íþrótt- og tómstundaráð samþykkti á fundi sínum fyrr um daginn að veita styrk til nauðsynlegra kaupa á búnaði og Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa falið að vinna að málinu í samráði við formann fimleikadeildarinnar og innkaupastjóra Reykjanesbæjar.

Erindi körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur sem sent var á íþrótt- og tómstundaráð

Reykjanesbæjar var frestað og hefur verið boðaður aukafundur í ráðinu föstudaginn 18. maí þar forsvarmenn körfunnar í Keflavík og Njarðvík eru boðaðir á fundinn ásamt formönnum félaganna.

EH sat aðalfund Almannaheilla og var endurkjörinn sem skoðunarmaður reikninga. Stutt kynning var eftir fundinn á nýju persónuverndarlögunum.

EH er búinn að óska eftir tilboði í hljóðkerfi fyrir sal 1 og 2 frá tveimur aðilum.

Stjórnarfundum frestað til haustsins. Framkvæmdastjóri boðar til næsta fundar.

Næsti fundur boðaður

Fundi slitið kl. 19:05 Fundinn ritaði BS.

